

Nd.

454. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta var flutt í hv. efri deild og hefir fengið samþykki hennar hindrunarlaust.

Þegar þjóðjarðasalan var komin í fulla framkvæmd og þjóðeignir seldar viðs vegar um landið, þótti hallkvæmara að breyta umboðsmensku þjóðjarða, svo sem gert var með lögum nr. 30, 20. okt. 1913.

Þótt ákvæði laga þessara sjeu enn þá ekki komin til framkvæmda og ekki sýnt hversu þau gefast, þá þykir ýmislegt benda til þess, að sjerstök ákvæði — eins og farið er fram á í frumvarpinu — muni hentugri, að því er snertir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð og Hallbjarnareyrar, og liggja helst þau rök til, að þjóðjarðir með mörgum hjáleigum og verbúðum liggja þar í kauptúnum og sjóþorpum, og líklegt að þær verði um langan aldur þjóðeign, enda hefir þegar verið synjað kaups á fjölda slíkra þjóðeigna í umboðinu, og vænlegra þykir að umsjón þessara eigna verði hjá einum manni, sem sjerstaklega er kjörinn til þess, heldur en að hún dreifist á margar hendur.

Að þessu athuguðu hefir nefndin fallist á að ráða hv. deild til að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 14. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Pjetur Þórðarson,
skrifari og framsögum.

Jón Jónsson.

Einar Árnason.

Sigurður Sigurðsson.